

SAMTÖKIN Geðhjálpar hafa sent frá sér mótmæli þar sem harðlega er mælt gegn hugmyndum í stjórnarnefnd Ríkisspítala um sparnað á geðlækningasviði Landspítalans. Mótmæli Geðhjálpar fara hér á eftir:

„Geðhjálp mótmælir harðlega tillögum stjórnarnefndar Ríkisspítala að leggja niður legudeild geðsjúkra og skera niður á rannsóknastofu geðdeildanna.

Stjórnarnefnd Ríkisspítala leggur til að legudeild í Hátúni verði lögð niður og í stað hennar komi dagdeild. Tillagan er rökstudd með því að sjúklingarnir búi í Hátúni. Þetta er rangt. Deild 28 í Hátúni er legudeild með 12 sjúkrarúmum fyrir veikt fólk sem á sitt heimili hvar sem er á landinu. Á árinu 1997 voru innlagnir um 105 og komu sjúklingar ýmist beint inn til meðferðar eða af bráðadeildum. Hins vegar þjónustar deildin þess utan um 35 geðsjúka sem búa í Hátúni og þar af um 26 dagsjúklinga sem margir hverjir eru það veikir að þeir þyrftu að dvelja á sólarhringsstofnun ef ekki nyti deildarinnar við.

Á síðustu árum hafa fjárveitingar til geðdeilda Landspítala verið lækkaðar talsvert, sem hefur leitt til þess að deildum hefur verið lokað á sumrin og jólum. Sumir þeirra sjúklinga sem ekki hafa getað út-

Mótmæli Geðhjálpar

skrifast heim hafa fengið inni á deild 28. Nú er úti um þá von. Sumarlokanir koma því enn verr niður á geðsjúkum og valda því að þeir fá ekki nauðsynlega lækninguþjónustu. Þetta virðist stangast á við heilbrigðislög nr. 56/ frá 1973 þar sem heildarmarkmið með heilbrigðisþjónustu er skilgreint þannig:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði.“

Nú eiga margir ekki lengur kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu til verndar andlegri heilsu, þótt tók séu á að veita slíka þjónustu með því að halda deildum opnum. Ekki er hægt að réttlæta þessa ákvörðun með því að fjárveitingu vanti, því aðrar deildir hafa getað haldið áfram að stunda lækningar sem sumir telja nauðsynlegar, þrátt fyrir fjárskort, t.d. hjartaskurðagerðir.

Deild 28 er með hagkvæmstu deildum spítalans, að mati Geðhjálpar, og háðulegt að gera tillögu um að leggja hana af í núverandi mynd til þess að spara 2 milljónir!

Ríkisspítalar hafa einnig gert til-

lögur um að loka deild 14 á Kleppi. Það er langlegudeild og þar dvelja sjúklingar sem þurfa mikla hjúkrun og umönnun. Geðhjálp skorar á stjórnarnefndina að fara í heimsókn á deild 14 og ræða við sjúklingana þar um örlög þeirra.

Hugmyndir eru uppi um að loka meðferðardeildinni á Teigum og spara 16 milljónir. Þessi sparnaðarhugmynd er stórfurðuleg í ljósi þess að Teigur er tilraunaverkefni í meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga á dagdeild í stað vistunar á sólarhringsstofnun. Þessi leið er mun ódýrari en önnur meðferðarúræði og skilar sambærilegum árangri og dýrari aðferðir. Það er því stórfurðulegt að leggja til sparnað með því að leggja deildina niður og ekki til þess falið að skapa skilning á niðurskurðarhugmyndum heilbrigðisyfirvalda.

Stjórnarnefndin ákvað einnig að draga stórlega úr rannsóknarstarfsemi á geðdeildinni. Nefndarmenn virðast ekki hafa áttað sig á að þar er stundað vísindastarf á heims-mælikvarða, sem er forsenda framfara í meðferð geðsjúkdóma. Rannsóknir geðsviðs eru þó aðeins um 1,5% af heildarútgjöldum. Í tillög-

um nefndar heilbrigðisráðherra um forgangsroðun er lagt til að efla skuli grunnrannsóknir (B.3,4) og að 3,5% útgjalda fari í hagnýtingu tækninýjunga og rannsókna (B.3,3) en það mega allir vita sem vilja að „tækninýjungar“ í geðlækningum felast í öflun þekkingar með rannsóknum. Stjórnarnefnd Ríkisspítala víkur því gróflega frá tillögum um forgangsroðun í heilbrigðisþjónustu og með ólíkindum að þessar hugmyndir komi frá yfirstjórn spítalans.

Það er nýmæli að ráðist er svona harkalega á þennan sjúklingahóp sem á erfitt með að verja sig. Sumarlokanir eru nýtilkomnar og voru meiri á síðasta ári en 1996. Geðhjálp óttast að þær verði mun meiri á þessu ári ef svo fer fram sem horfir.

Á síðustu árum hefur verið um stórfelldan niðurskurð í geðheilbrigðismálum sem Geðhjálp hefur barist á móti með ýmsum hætti. Nú óttast Geðhjálp líkt og ASÍ að auknum kostnaði verði velt yfir á sjúklinga þegar greiðslur til sérfræðinga verða hækkaðar. Áður hækkaði hlutur sjúklings mikið 1993, t.d. tvöfaldaðist gjald fyrir

fjölskyldumeðferð, sem gjarnan er notuð þegar börn eiga við geðræn vandamál að stríða.

Á vegum heilbrigðisráðherra er starfandi nefnd sem er að móta stefnu í geðheilbrigðismálum. Ofangreindur niðurskurður hefur meiri stefnumarkandi áhrif en starf nefndarinnar mun hafa og er því óljóst hvaða tilgang slík stefnumótunarvinna hefur.

Próun undanfarinna ára stangast á við nýframkomnar tillögur um forgangsroðun í heilbrigðismálum á margan hátt. Þar segir m.a.: „Sjúklingar hafi óhindraðan aðgang að sjúkráhusinnlögnum þegar þörf krefur“ og „Þeir einstaklingar sem hafa mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu skulu ganga fyrir“ og að „meðferð vegna alvarlegra langvinnra sjúkdóma“ skuli hafa forgang. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hér er um lífshættulega sjúkdóma að ræða.

Ýmsar spurningar vakna við ofangreindar fréttir. Hvernig veljast menn í stjórnarnefnd Ríkisspítala? Hvað vakir fyrir þeim? Gera þeir sér ekki grein fyrir þeim mannlegu þjáningum sem leiða af ákvörðunum þeirra? Eru einhverjir hagsmunir mikilvægari en velferð sjúklinganna? Er svona hrikalegur niðurskurður afleiðing af fjárlögum ríkisstjórnarinnar? Ef svo er, *gerir maður þá svona, Davíð?*“